



Greinargerð



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2025–2028

Helstu áherslur Mosfellsbæjar

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2025 endurspeglar forgangsröðun í þágu barna og fjölskyldna:

- Gjaldskrár vegna þjónustu við börn hækka einungis um 3,5%
- Frístundastyrkur verður hækkaður um 14%
- Lægstu leikskólagjöldin eru í Mosfellsbæ
- Sama gjald er fyrir börn hjá dagforeldrum og í leikskólum
- Nýr leikskóli verður tekinn í notkun
- Endurnýjun skólalóða
- Krakka Mosó – lýðræðisverkefni
- Fjárfestum í framtíðinni – aðgerðir fyrir börn og ungmenni:
 - Aukið aðgengi að fagfólki
 - Fræðsla fyrir foreldra, börn og ungmenni
 - Efling á starfi Bólsins
 - Íþróttir fyrir alla

Þá endurspeglar fjárhags- og fjárfestingaráætlun enn fremur áherslur á uppbyggingu á Varmárvæðinu í samstarfi við Aftureldingu.





Aðalsjóður



Eignasjóður



Þjónustustöð



Veitur



Félagslegar íbúðir



Hjúkrunarheimili



Hlégarður



Samstarfs-verkefni A-
hluta



Samstarfs-verkefni B-
hluta



1. Forsendur fjárhagsáætlunar
2. Fjárhagsáætlun og fjárfestingar
3. Málaflokkar



1. Forsendur fjárhagsáætlunar





Hagvöxtur

Spá Hagstofu gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 2,6% árið 2025.

Árið 2023 var hagvöxtur 5% og spáin fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir 0,9% hagvexti.



Íbúapróun

Íbúar Mosfellsbæjar voru 13.403 þann 1. janúar 2024 og var fjölgunin milli ára 2,4%. Fjölgunin á 10 ára tímabili, 2014-2024, er 49,7%.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun næstu árin. Í ársbyrjun 2025 er gert ráð fyrir að íbúafjöldi verði 13.789 eða 2,9% fjölgun milli ára.



Kjarasamningar

Kjarasamningar allra starfsmanna Mosfellsbæjar runnu út árið 2024. Búið er að gera ráð fyrir kjarahækkunum 2025 í áætlun.




Verðbólga

Útkomuspá miðar við 6% verðbólgu á árinu 2024 og á árinu 2025 er gert ráð fyrir 3,9% verðbólgu.

Forsendur fjárhagsáætlunar




ÍBÚAFJÖLDI OG ÍBÚAÞRÓUN 2014-2028




Drifkraftar fjárhagsáætlunar 2025-2028



VÍSITALA NEYSLUVERÐS




ÞRÓUN ÚTSVARSTOFNS MOS*



*Spá 2025 skv. staðgreiðsluspá Sambands ísl. sveitarfélaga 2025 og Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2026-2028.

ÍBÚAFJÖLGUN FRÁ FYRRA ÁRI





2. Fjárhagsáætlun og fjárfestingar



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar



	Raun 2023	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028
Rekstrarreikningur						
Skatttekjur	15.381	16.742	18.002	19.276	20.606	22.009
Aðrar tekjur	4.924	4.903	4.935	5.285	5.776	6.282
Rekstrargjöld	17.621	18.755	20.244	21.606	23.250	25.069
Afskriftir	590	611	691	786	883	990
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsgjalda	2.095	2.279	2.002	2.170	2.248	2.232
Fjármagnsgjöld og tekjuskattur	1.753	1.535	1.300	1.450	1.373	1.312
Rekstrarniðurstaða	341	745	702	720	875	920
Efnahagsreikningur						
Eignir samtals	31.983	35.195	38.707	41.622	44.207	46.543
Eigið fé	7.757	8.504	9.209	9.932	10.810	11.732
Skuldir og skuldbindingar samtals	24.226	26.691	29.499	31.690	33.397	34.811
Sjóðstreymi						
Veltufé frá rekstri	1.935	2.000	1.968	1.697	1.957	2.155
Lántaka	2.100	2.641	3.418	2.750	2.400	2.200
Afborganir lána	1.666	1.799	1.721	1.748	1.790	1.837
Fjárfestingar	3.548	4.571	5.379	5.178	4.957	4.820
Handbært fé í árslok	127	79	125	112	123	154

Í m.kr.



HEILDARTEKJUR MOSFELLSBÆJAR 2025 ERU ÁÆTLAÐAR 22.938 M.KR

Útsvar

- Áætlað er að álagningarhlutfall útsvars verið áfram 14,97%.
- Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki í takt við almennar launahækkanir og íbúafjölgun.

Fasteignagjöld

- Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis (A) hækkar úr 0,190% í 0,20%.
- Vatnsgjald hækkar úr 0,065% í 0,07%
- Aðrar álagningaprósentur fasteignagjalda verða óbreyttar.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

- Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs verði 3.950 m.kr. Þar af eru í málaflokki fatlaðs fólks 2.145 m.kr. eða 54% framlaga.


Byggingarréttur

- Áætlaðar tekjur af byggingarrétti eru 514 m.kr.


Gjaldskrár

- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að gjaldskrár sem varða börn hækki um 3,5% en aðrar hækki almennt um verðlag, eða 3,9%.

SKIPTING TEKNA




HLUTFALLSLEG SKIPTING FRAMLAGA ÚR JÖFNUNARSJÓÐI



20.244 m.kr.

er heildar rekstrarkostnaður
Mosfellsbæjar 2025

- Annar rekstrarkostnaður hækkar í takt við íbúafjölgun og vísitölu neysluverðs.
- Launakostnaður hækkar í takt við fjölgun stöðugilda og launapróun.




Áætluð rekstrarniðurstaða A- og B- hluta



REKSTRARNIÐURSTAÐA

- Árið 2025 er gert ráð fyrir 2.003 m.kr. rekstrarafgangi fyrir fjármagnsliði og að rekstrarniðurstaða verði 702 m.kr.
- Gjöld eru áætluð 20.244 m.kr. sem skiptast í laun og launatengd gjöld, sem nema 58% af heildargjöldum, og annan rekstrarkostnað sem nemur 42%.
- Fjármagnsgjöld nema 1.288 m.kr. Þar af nema verðbætur 843 m.kr.
- Heildareignir eru áætlaðar um 38.704 m.kr. í lok árs 2025.
- Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 29.499 m.kr. og eigið fé 9.209 m.kr.
- Tekjur eru áætlaðar 22.938 m.kr. og skiptast í skatttekjur sem eru 61% af heildartekjum, framlög Jöfnunarsjóðs sem eru 17% og aðrar tekjur sem eru 22%.

REKSTRARNIÐURSTAÐA Í M.KR.



Framkvæmdir og fjárfestingar í A-hluta



YFIRLIT

Áætlað er að framkvæma fyrir samtals 4.003 m.kr. og eru tekjur af gatnagerð 1.295 m.kr. Samtals er því kostnaður vegna framkvæmda í A-hluta 2.708 m.kr.

- Framkvæmdir vegna endurgerðar knattspyrnu og frjálsíþróttavalla er stærsta framkvæmd í íþróttamannvirkjum og nemur um 500 m.kr.
- Áætlað er að verja 300 m.kr í hönnun á þjónustu- og aðkomubyggingu ásamt stúku að Varmá.
- Þá verður 205 m.kr. varið til endurnýjunar þaks og annars viðhalds við íþróttamiðstöðina að Lágafelli.
- Áætluð eru kaup á húsnæði vegna skammtí mavistunar – kostnaður um 180 m.kr.

ÁHUGAVERT


830 m.kr.

vegna nýs leikskóla í Helgafellslandi sem er stærsta einstaka framkvæmd ársins


220 m.kr.

vegna framkvæmda á skólalóðum

FYRIRHUGAÐAR FRAMKVÆMDIR Í A-HLUTA Í M.KR



HLUTFALL FYRIRHUGAÐRA FRAMKVÆMDA A-HLUTA 2024 EFTIR MÁLAFLOKKUM



*Utan gatnagerðargjalda

Framkvæmdir og fjárfestingar í B-hluta



YFIRLIT

- Framkvæmdir við MosVeitur, þ.e. vatns-, hita- og fráveitu Mosfellsbæjar, eru stærsti hluti fjárfestinga í B-hluta. Stærstu verkefninu verða í uppbyggingu nýrra hverfa í Helgafelli og á atvinnusvæðinu á Blikastöðum.

ÁHUGAVERT


1.271 m.kr.

vegna framkvæmda í B-hluta


300 m.kr.

vegna kaupa og endurnýjunar félagslegra íbúða

FYRIRHUGAÐAR FRAMKVÆMDIR Í B-HLUTA Í M.KR



HLUTFALL FYRIRHUGAÐRA FRAMKVÆMDA B-HLUTA 2024 EFTIR MÁLAFLOKKUM




Fjárfestingar og eignir



FJÁRFESTINGAR Í M.KR.


■ Skólabyggingar ■ Íþróttta- og tómstundamannvirki ■ Önnur mannvirki ■ Velferðarmál ■ Veitur ■ Félagslegar íbúðir ■ Gatnagerð



Afborganir, ný lán og fjárfestingar




UPPHÆÐIR Í M.KR.





SKULDAVIÐMIÐ






3. Málaflokkar





Miðlægar skrifstofur

Fjármála- og áhættustýringarsvið, mannauðs- og starfsumhverfissvið, skrifstofa umbóta og þróunar, skrifstofa bæjarlögmanns.



Fræðslu- og frístundamál

Grunnskólar, leikskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, Listaskóli og stoðþjónusta skóla.



Velferðarmál

Þjónusta við fatlað fólk, eldri borgara og flóttafólk, félagsleg húsnæðismál, barnavernd og önnur félagsleg þjónusta.



Menningar-, íþrótt- og lýðheilsamál

Íþróttamál, bókasafn, listasalur, lýðheilsamál og Hlégarður.




Umhverfismál

Sorphirða, skipulagsmál, byggingarmál, umferðar- og samgöngumál, snjómokstur o.fl.



SKIPTING ÚTGJALDA EFTIR MÁLAFLOKKUM Í M.KR



Aðgerðir – fyrir börn og ungmenni



Stuðningsúrræði eflid
18 m.kr.



Farsæld barna
15 m.kr



Aukið aðgengi að sálfræðingum í skólum **15 m.kr.**



Unglingaráðgjöf í barnavernd
15 m.kr.



Fræðsla til starfsfólks
2 m.kr.



Lýðheilsa fyrir börn og ungmenni **2,5 m.kr.**



Hækkun frístundastyrks
14 m.kr.



Styrking á starfi Bólsins
7 m.kr.



Samstarf, fræðsla og námskeið fyrir foreldra **5 m.kr.**



Íþróttir fyrir börn með sértækar þarfir **3 m.kr.**



Samstarf við Bergið
2 m.kr.



Aðstaða fyrir raíþróttir
1,5 m.kr.



Fræðsla og frístundir



Fræðslu- og frístundamál




YFIRLIT

Undir málaflokk fræðslu og frístundamála fellur rekstur grunnskóla, leikskóla, frístundastarfsemi, listaskóla, vinnuskóla og stoðþjónusta skóla, þ.m.t. skóla- og ráðgjafþjónusta.


Áherslur ársins 2025 eru:

- Skóla - og menntaþróun í forgrunni.
- Fjárfestum í framtíðinni – aðgerðir fyrir börn og ungmenni.
- Áframhaldandi innleiðing farsældarlaga og þjálfun starfsfólks á vettvangi.
- Áframhaldandi vinna að bættu starfsumhverfi stofnana sviðsins í samvinnu við mannauðs- og starfsumhverfissvið.
- Nýr leikskóli í Helgafellshverfi tekinn í notkun í upphafi skólaárs, haustið 2025.
- Áframhaldandi þróun og uppbygging í upplýsingatæknimálum á fræðslu- og frístundasviði í samvinnu við skrifstofu umbóta og þróunar.
- Úthlutun leikskólalássa - að börn sem eru 12 mánaða 1. ágúst 2025 fái leikskólaláss.
- Áframhaldandi endurnýjun skólalóða við leik- og grunnskóla.

SKIPTING KOSTNAÐAR FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDAMÁLA Í M.KR.



STÖÐUGILDI Í FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASTARFI



Leikskólar og dagforeldrar



YFIRLIT

- Mosfellsbær starfrækir átta leikskóla, þar af tvo sem eru samreknir með grunnskóla. Leikskólarnir eru: Hlaðhamrar, Hlíð, Hulduberg, Höfðaberg, Leirvogstunguskóli og Reykjakot auk samreknu leikskólanna í Helgafellsskóla og Krikaskóla. Jafnframt eru börn á leikskólaaldri í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Mosfellsbæjar og hjá dagforeldrum.
- Nýr leikskóli í Helgafellslandi mun opna haustið 2025.
- Alls er gert ráð fyrir um 880 börnum í leikskólum Mosfellsbæjar á næsta ári auk 30 barna í sjálfstætt starfandi leikskólum og um 40 börnum hjá dagforeldrum.
- Heildarkostnaður Mosfellsbæjar við kennslu og umönnun yngstu barnanna 3.183 m.kr.

ÁHUGAVERT

40%

fjölgun barna í leikskólum á sl. 10 árum

290.020 kr.

er mánaðarlegur kostnaður vegna 5 ára barns*

511.271 kr.


er mánaðarlegur kostnaður vegna 1 árs barns*

9,38%


er hlutdeild foreldra í rekstri leikskóla

* Skv. Sambandi ísl. sveitarfélaga

SKIPTING KOSTNAÐAR VIÐ LEIKSKÓLA Í M.KR




FJÖLDI BARNA EFTIR LEIKSKÓLUM




Gjaldskrá leikskóla haust 2024




PRÓUN HLUTDEILDAR FORELDRA Í REKSTRI LEIKSKÓLA YFIR 11 ÁRA TÍMABIL



GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU FYRIR 8,5 KLST. DVÖL Í KR.



HEILDARKOSTNAÐUR VEGNA 8 KLST. DVALAR Í KR.*



Foreldrar í Mosfellsbæ greiða sama gjald hvort sem börn þeirra eru í leikskóla, hjá dagforeldrum eða í sjálfstætt starfandi leikskólum.

* Skv. Sambandi ísl. sveitarfélaga



YFIRLIT

- Í Mosfellsbæ eru 5 grunnskólar: Helgafellsskóli, Krikaskóli, Kvíslarskóli, Lágafellsskóli og Varmárskóli.
- Alls er gert ráð fyrir um 1.900 nemendum í grunnskólum bæjarins. Að auki eru um 80 nemendur í almennum skólum og sérskólum utan Mosfellsbæjar.
- Heildarkostnaður Mosfellsbæjar við rekstur grunnskóla á árinu 2025 er áætlaður 5.568 m.kr.

ÁHUGAVERT

283 m.kr.

er kostnaður vegna sérskóla

80

börn stunda nám í grunnskólum utan Mosfellsbæjar


83,9 m.kr

er kostnaður vegna skóla- og frístundaaksturs


2,9 m.kr

er heildarkostnaður við hvern grunnskólanema

SKIPTING KOSTNAÐAR VIÐ GRUNNSKÓLA Í M.KR



FJÖLDI NEMENDA Í GRUNNSKÓLUM






YFIRLIT

- Frístund, eftir skóla, er við alla grunnskóla Mosfellsbæjar fyrir nemendur í 1. – 4. bekk.
- Meginhlutverk frístundar er að bjóða nemendum innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.
- Heildarfjöldi nemenda í frístund Mosfellsbæjar er um 520.
- Kostnaður við frístund í Mosfellsbæ og sérskólum á árinu 2025 er áætlaður 150 m.kr.*


*Kostnaður við frístundaklúbbinn Úlfinn er ekki inni í þessum tölum.

Í frístundastarfi er m.a. lögð áhersla á félagsfærni, öryggi, útivist, hreyfingu, fjölbreytni, tómstundir og íþróttir. Í því skyni er boðið upp á margvísleg verkefni, t.d. íþróttar-, tómstunda-, lista- og menningarverkefni.

SKIPTING KOSTNAÐAR VIÐ FRÍSTUNDAHEIMILI Í M.KR.



HLUTFALLSLEG ÞÁTTTAKA BARNNA Í FRÍSTUNDAHEIMILUM EFTIR ALDRI



Félagsmiðstöðvar, ungmennahús og vinnuskóli



YFIRLIT

- Í Mosfellsbæ er félagsmiðstöðin Bólið starfrækt á þremur starfsstöðum: í Helgafellsskóla, Lágafellsskóla og við Varmár- og Kvíslarskóla.
- Félagsmiðstöðvarnar eru ætlaðar fyrir ungmenni á aldrinum 10-16 ára og eru opnar allt árið. Opnunartími frá kl. 09:00-16:00 alla virka daga og frá kl. 19:30-22:00 þriðju kvöld í viku.
- Helstu viðfangsefni félagsmiðstöðvanna eru klúbbstarfsemi, tónlist, spilakvöld, dansleikir og þátttaka í stærri viðburðum, s.s. Samfés, auk fræðslu- og forvarnastarfs í samstarfi við skóla, foreldra og samfélagslögreglu.
- Á sumrin starfrækir Mosfellsbær vinnuskóla fyrir ungmenni í 8. - 10. bekk.

ÁHUGAVERT

212 m.kr

er kostnaður vegna félagsmiðstöðvar og vinnuskóla

17

flokkstjórar starfa í Vinnuskólanum


17

starfsmenn starfa í Bólinu 7,5 stöðugildum


15

starfsstöðvar eru í Vinnuskólanum

SKIPTING KOSTNAÐAR FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARFS Í M.KR



FJÖLDI UNGMENNA Í VINNUSKÓLANUM




Skóla- og ráðgjafabjónusta




YFIRLIT

- Skóla- og ráðgjafabjónusta tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar til stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.
- Sérfræðingar skóla- og ráðgjafabjónustu eru með fjölbreytta menntun og þekkingu. Innan bjónustunnar starfa m.a. sálfræðingar, talmeinafræðingar, kennsluráðgjafi, leikskólaráðgjafi, sérkennarar, iðjubjálfar og þroskabjálfar.
- Fjöldi barna í leik-, grunn- og framhaldsskólum nýtir sér bjónustuna og er hlutfallið um 12-14% barna á hverju skólaári.
- Heildarkostnaður Mosfellsbæjar við stuðningsbjónustu við nemendur í leik- og grunnskólum auk skóla- og ráðgjafabjónustu er um 1.094 m.kr.


ÁHUGAVERT



SKIPTING KOSTNAÐAR VEGNA SÉRTÆKS STUÐNINGS Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM Í M.KR



FJÖLDI BARNNA Í SKÓLA- OG RÁÐGJAFABJÓNUSTU SKÓLAÁRIÐ 2023-2024 EFTIR SKÓLASTIGI




YFIRLIT


- Listaskólinn skiptist í Tónlistarskóla, Skólahljómsveit, Myndlistarskóla Mosfellsbæjar og Leikfélag Mosfellsveitar.
- Tónlistarskólinn og Skólahljómsveitin eru rekin af Mosfellsbæ en Myndlistarskólinn og Leikfélagið fá styrk frá Mosfellsbæ til starfseminnar.
- Styrkur til Leikfélags Mosfellsbæjar verður hækkaður um 50%, úr 2 m.kr. í 3 m.kr.
- Kennslan fer fram bæði á og eftir skólatíma. Á skólatíma er kennt innan skólanna og utan skólatíma fer kennslan fram í húsnæði Tónlistarskólans og Skólahljóm-sveitarinnar. Með þessu fyrirkomulagi hafa fleiri nemendur tök á að stunda nám í Listaskólanum.



SKIPTING KOSTNAÐAR VIÐ LISTASKÓLA OG ANNAR LISTNÁM Í M.KR.



FJÖLDI NEMENDA Í LISTASKÓLANUM




YFIRLIT

- Grunnþjónustan (1. stig) á sér stað í leik- og grunnskólum auk heilsugæslu. Ef þörf er á meiri þjónustu er skóla- og ráðgjafþjónusta og þjónusta velferðarsviðs virkjuð (2. stig). Í flóknustu málunum þarf t.d. aðkomu barnaverndar og önnur sértæk úrræði, s.s. BUGL (3. stig).
- Skipaðir hafa verið tengiliðir farsældar í öllum grunn- og leikskólum, auk málstjóra á velferðarsviði. Þessir aðilar halda utan um og vinna að málum barna og fjölskyldna.
- Lagt er til að ráða inn sérhæfðan málstjóra á árinu 2025 sem sinnir eingöngu samþættingarmálum og málstjórn.
- Á árinu 2025 verður lögð áhersla á að skerpa á hlutverkum og vinna að aukinni samvinnu allra aðila sem koma að málefnum barna, meðal annars með tæknilausnum og sameiginlegum vinnustofum.

Aðalmarkmið laganna um farsæld barna er samþættari og betri þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra með aukinni samvinnu þeirra aðila sem koma að þjónustunni.

Í aðgerðum fyrir börn og ungmenni 2025 verður meðal annars áhersla á aukið samstarf við Ungmennaráð Mosfellsbæjar.

STAÐA AÐGERÐARÁÆTLUNAR 2024 VEGNA INNLEIÐINGAR Á FARSÆLDARLÖGUM





Velferð





YFIRLIT

Undir málaflokk velferðar fellur þjónusta við fatlað fólk, eldri borgara og flóttafólk, félagsleg húsnæðismál, barnavernd og önnur félagsleg þjónusta veitt til barna og fullorðinna.


Áherslumál ársins 2025:

- Í Farsæld barna verður lögð áhersla á styrkingu barnaverndar, þjónustu til barnafjölskyldna og í einstaklingsstuðningi og ráðningu málstjóra.
- Í málefnum eldri borgara verður unnið áfram í tilraunaverkefninu Gott að eldast, dagdvöl verður styrkt og styrking félagsstarfs.
- Í málefnum fatlaðs fólks verður áhersla á uppbyggingu á búsetuþjónustu og breytingum á Heimili fyrir börn.

Skv. könnun meðal notenda 67 ára og eldri sem fá heimaþjónustu eru:

- 99% ánægð með viðmót starfsfólks
- 100% telja matinn lystugan
- 79% ánægð með félagslega innlitið
- 77% ánægð með þrífín

SKIPTING KOSTNAÐAR VELFERÐARMÁLA Í M.KR.



ÁHUGAVERT

3.824 m.kr.

eru heildarútgjöld sviðsins 2025

162

stöðugildi á velferðarsviði 2025

340

fatlaðir einstaklingar fá þjónustu velferðarsviðs

Börn og ungmenni



YFIRLIT

- Lögð er áhersla á að mæta einstaklingsbundnum þörfum barna í allri þjónustu sviðsins. Stærstur hluti þjónustu barna og ungmenna er veitt fötluðum börnum og ungmennum, en einnig er börnum veitt félagsleg þjónusta í formi t.d. stuðningsfjölskyldna, skammtímadvala og einstaklingsstuðnings. Barnavernd veitir einnig fjölmörgum fjölskyldum þjónustu og stuðning.
- Farsæld barna í gegnum samþættingu þjónustu verður forgangsmál á árinu 2025 þar sem skerpt verður á hlutverki málstjóra, unglingaráðgjöf og einstaklingsstuðningi.
- Unnið verður að breytingu á starfsemi og húsnæðismálum Heimilis fyrir börn og rekstrinum breytt í skammtímadvöl.
- Unnið verður að undirbúningi á breytingu húsnæðis fyrir frístundaklúbbinn Úlfinn.

ÁHUGAVERT

5

fötluð börn fá þjónustu frá Heimili fyrir börn

274

börn hafa fengið þjónustu barnaverndar á árinu 2024


10

fötluð börn og ungmenni nýta sér Úlfinn frístundaklúbb


66

börn eru nú með samþætta þjónustu á velferðarsviði

SKIPTING KOSTNAÐAR Í VELFERÐARÞJÓNUSTU VIÐ BÖRN OG UNGMENNI Í M.KR.



FJÖLDI TILKYNNINGA TIL BARNAVERNDAR*



*fjöldi 2024 er áætlaður til loka árs

Fullorðið fatlað fólk



YFIRLIT

- Nýr búsetukjarni að Úgötu fyrir fimm íbúa verður kominn í fulla virkni 2025.
- Hugað verður að byggingu nýs íbúðakjarna á árinu 2025 fyrir 6-7 einstaklinga.
- Undir kostnaðarlið dagþjónustu fellur dagþjónustan Skjól í Skálahlíð ásamt öðrum aðkeyptum vinnu- og virkniúrræðum.
- Í NPA þjónustu á árinu 2025 eru áætlaðir 11 einstaklingar. Enginn er á bið eftir þjónustunni.

ÁHUGAVERT

3.056 m.kr

eru áætluð heildarútgjöld málaflokks fatlaðs fólks (fullorðnir og börn)


17

einstaklingar eru á bið eftir búsetu


2.162 m.kr

tekjur eru áætlaðar frá Jöfnunarsjóði vegna málaflokks fatlaðs fólks

SKIPTING KOSTNAÐAR VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FULLORÐIÐ FATLAÐ FÓLK Í M.KR.



HLUTFALL FATLAÐRA AF ÍBÚAFJÖLDA SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*heimild Jöfnunarsjóður 2020

Eldri borgarar




YFIRLIT

Félagsstarfið flutti sig um set í september sl. og er nú með höfuðstöðvar í Brúarlandi en áfram verður félagsstarf líka í boði að Eirhömrum.

- Með flutningi félagsstarfs í Brúarland verður innra starfið styrkt enn frekar.
- Áhersla verður lögð á skoða áframhaldandi möguleika á velferðartækni í þjónustu, svo sem í formi skjáheimsókna.
- Starfsemi dagdvalar hefur styrkst á árinu 2024 og er þegar samþykkt stækkun dagdvalar upp í 15 rými áætluð í upphafi árs 2025.
- Starf tengiliðs við eldri borgara (Gott að eldast) verður framhaldið á árinu 2025



SKIPTING KOSTNAÐAR Í MÁLAFLOKKI ELDRÍ BORGARA Í M.KR.



ÁHUGAVERT

4.700

ferðir eru áætlaðar í akstursþjónustu á árinu 2024

66

viðbótarrými eru áætluð vegna stækkunar Hamra hjúkrunarheimilis, framkvæmdir hefjast 2025

190

heimili fá heimaþjónustu

Félagsþjónusta og félagslegt húsnæði



YFIRLIT

- Rúmlega 50% notenda fjárhagsaðstoðar fá aðstoð í 1-3 mánuði. Þau sem þurfa langtíma aðstoð fá aukna félagslega ráðgjöf og aðgang að virkniúrræðum.
- Í fjárfestingaáætlun er gert ráð fyrir kaupum á fjórum félagslegum íbúðum á árinu 2025 og fjölgun um tvær framleigðar íbúðir.
- Sérstakur húsnæðisstuðningur er til viðbótar almennum húsnæðisbótum, til að aðstoða við íþyngjandi leigukostnað. Húsnæðisstuðningur hækkar samhliða hækkunum almennra húsnæðisbóta ríkisins.
- Heimilislausir Mosfellingar geta nýtt sér gistiskýli Reykjavíkurborgar samkvæmt samningi milli sveitarfélaganna. Það sem af er eru gistinæturnar 43.

ÁHUGAVERT

78%

umsókna um fjárhagsaðstoð koma í gegnum stafræna leið

120

einstaklingar hafa fengið fjárhagsaðstoð það sem af er ári 2024


200

einstaklingar fá árlega sérstakan húsnæðisstuðning


42

einstaklingar eru á bið eftir félagslegu húsnæði

SKIPTING KOSTNAÐAR Í FJÁRHAGSAÐSTOÐ Í M.KR.



SKIPTING KOSTNAÐAR Í HÚSNÆÐISSTUÐNINGI Í M.KR.




YFIRLIT

- Mosfellsbær hefur verið þátttökuaðili í samræmdri móttöku flóttafólks frá 1. febrúar 2023.
- Á fyrri hluta árs 2024 kvað samningur á um að Mosfellsbær tæki á móti og veitti þjónustu til allt að 80 einstaklinga, en á seinni hluta ársins 2024 fór sá samningur niður í 60 einstaklinga.
- Á fyrstu tveimur árum flóttafólks hefur ríkið endurgreitt útlagðan kostnað sveitarfélagsins, t.d. fjárhagsaðstoð, húsnæðisbætur og íslenskunámskeið.

Einstaklingar í samræmdri móttöku flóttafólks hafa komið frá Úkraínu, Palestínu, Afganistan, Nígeríu, Venesúela, Tyrklandi, Sómalíu, Sýrlandi og Rússlandi.

STAÐA HÓPS FLÓTTAFÓLKS MAÍ 2024 Í FJÖLDA



ÁHUGAVERT

62

einstaklingar eru í samræmdri móttöku í lok árs 2024.

29

börn hafa komið í samræmda móttöku



Menning-, íþróttir og lýðheilsa



Menningar-, íþróttar- og lýðheilsuáætlun




YFIRLIT

Sviðið annast undirbúning stefnumörkunar í menningar-, íþróttar- og lýðheilsuáætlun og framkvæmd þeirra verkefna sem sviðinu eru falin.

- Á árinu 2025 er gert ráð fyrir því að verja um 1.991 m.kr. til málaflokkanna í heild.
- Íþróttar- og lýðheilsuáætlunin var ráðin í febrúar 2024 og tók við störfum af íþróttaráætlun.
- Lýðræðisverkefnið Okkar Mosó 2025 verður Krakka Mosó 2025 þar sem börn og unglingar taka þátt í að móta verkefni og kjósa um þau á kjörfundi í skólum.
- Íþróttahúsið við Helgafellsskóla opnar í byrjun næsta árs. Gert er ráð fyrir að badminton deild Aftureldingar verði alfarið með starfsemi sína þar.
- Nýr gervigrasvöllur verður tekinn í notkun haustið 2025.
- Við rekstur og þróun á starfsemi bókasafnsins verður lögð enn frekari áhersla á fjölbreytta viðburði með áherslu á börn og barnafjölskyldur.
- Gert er ráð fyrir því að B-hluta stofnunarinnar Hlégarður standi undir gjöldum með tekjum frá leigutökum og þeim viðburðum sem félagsheimilið stendur fyrir.

SKIPTING KOSTNAÐAR MENNINGAR-, ÍÞRÓTTAR- OG LÝÐHEILSUMÁLA Í M.KR.



ÁHUGAVERT

100

viðburðir voru í tóninu heima 2024

5,4 m.kr.

verður úthlutað úr Lista- og menningarsjóði 2025

300

viðburðir og fundir eru áætlaðir í Hlégarði á árinu 2025

10

listasýningar eru haldnar í listasalnum ár hvert

Meningarmál




YFIRLIT

Undir menningarmál falla Bókasafn Mosfellsbæjar, Listasalur Mosfellsbæjar, Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar og Hlégarður.

- Unnið verður að endurskoðun menningarstefnu Mosfellsbæjar í samtali við íbúa, listamenn og hagsmunaaðila.
- Unnið verður að bættum hljómburði í fremri sal Hlégarðs til samræmis við umbætur í hátíðarsalnum sem unnið var að á árinu 2024.
- Bókasafnið mun leggja áherslu á að fjölga viðburðum fyrir börn og barnafjölskyldur.
- Vægi sjálfsafgreiðslu á bókum í bókasafninu eykst milli ára og stefnir í að þriðjungur útlána á árinu 2024 fari í gegnum sjálfsafgreiðsluvél.
- Lista- og menningarsjóður úthlutaði á árinu 2024 4,9 m.kr. til 13 verkefna og áætlað er að auka framlög til sjóðsins um 0,5 m.kr. á árinu 2025.
- Framlög til viðburðahalds á vegum sviðsins og menningar- og lýðræðisnefndar verða aukin m.a. er markmið að auka þátttöku Mosfellsbæjar í Vetrarhátíð á árinu 2025.

SKIPTING KOSTNAÐAR MÁLAFLOKKA Í MENNINGARMÁLUM Í M.KR.



ÁHUGAVERT

2.500

virkir lánþegar á bókasafninu

44.000

bækur eru lánaðar út árlega




YFIRLIT

Mosfellsbær er heilsueflandi samfélag og býður upp á hreyfiaðstöðu fyrir almenning, fjölbreytt íþróttasvæði bæjarins og gott aðgengi að útivist.

- Undir íþróttamál fellur rekstur íþróttamannvirkja að Varmá, Lágafelli, íþróttavöllurinn á Tungubökkum og einnig leiðir sviðið samstarf við íþrótt- og tómstundafélög bæjarins.
- Unnið verður að endurskoðun á lýðheilsu- og forvarnarstefnu og gerð aðgerðaáætlunar. Lagt er til að aukin áhersla verði lögð á starf með eldri borgurum, skólum og leikskólum við endurskoðun stefnunnar.
- Árið 2025 verður nýtt íþróttahús við Helgafellsskóla tekið í notkun og þá flytja íþróttakennsla og badminton æfingar í það hús.
- Unnið verður í endurgerð frjálsíþróttavallar og á aðalvallarsvæðinu að Varmá verður nýr gervigrasvöllur tekinn í notkun. Þá hefst vinna við hönnun og undirbúning þjónustubyggingar.
- Gert er ráð fyrir að nýir samningar við íþrótt- og tómstundafélög taki gildi 1. janúar 2025. Í þeim er lagt til að sérstöku fjármagni verði varið í að styrkja verkefni fyrir börn með fötlun, börn frá efnaminni heimilum og börnum með erlendan bakgrunn.
- Í upphafi árs verður boðað til samtals við íþrótt- og tómstundafélög til undirbúningsmótunar á samstarfsvettvangi félaganna.

SKIPTING KOSTNAÐAR ÍÞRÓTTA OG LÝÐHEILSU Í M.KR.



ÁHUGAVERT

260

einstaklingar stunda reglulega íþróttir með FAMOS

5.628

iðkendur eru í íþróttafélögum í Mosfellsbæ

2.228

iðkendur eru í Aftureldingu

291.000

árlegar heimsóknir í sundlaugar Mosfellsbæjar



Umhverfi



Umferðar- og samgöngumál




SAMGÖNGUR

- Leið 15 og leið 7 ganga upp í Mosfellsbæ. Í Mosfellsdal er pöntunarþjónusta leigubíla. Þá hefur Mosfellsbær tekið þátt í rekstri næturstætó.
- Unnið verður að ítarlegri kortlagningu reiðstíga í náginni samvinnu við Hestamannafélagið Hörð.
- LED væðing götulýsingar hófst haustið 2024 í takt við umhverfisstefnu bæjarins og mun verkefnið standa yfir næstu þrjú árin. Áhrifin eru m.a. betri og jafnari lýsing sem sparar jafnframt orku og minnkar viðhald.
- Vinna við umhverfis- og loftslagsstefnu er hafin og klárast árið 2025.
- Framlag Mosfellsbæjar vegna samgöngusáttmála 2025 er áætlað 108 m.kr.

SNJÓMOKSTUR

- Haustið 2024 tóku nýir samningar gildi í snjómokstri og hálkuvörnum þar sem markmiðið er að bæta þjónustustig. Snjómokstur er annars vegar á stofn- og tengibrautum og hins vegar húsagötum og á bílaplönnum.
- Meiri áhersla verður lögð á vistvæna samgöngumáta m.a. með aukningu í mokstri stíga þar sem allt stígakerfi bæjarins er í fyrsta forgangi þar sem hægt er að koma því við.
- Áhersla er lögð á að stígakerfi til og frá skólum og íþróttamannvirkjum og samgöngustígur sé alla jafna fær hjólandi og gangandi umferð.

SKIPTING KOSTNAÐAR Í SAMGÖNGUMÁLUM Í M.KR.



ÁHUGAVERT

18%

ábendinga frá íbúum í gegnum ábendingagátt eru vegna snjóhreinsunar

51%

fer í rekstur strætó og er langstærsti einstaki kostnaðarliðurinn í umferðar- og samgöngumálum

6.210

km af stígum og götum eru mokaðir í snjómokstri að meðaltali á vetri

22,4km


af reiðstígum í Mosfellsbæ

YFIRLIT

- Grenndarstöðvum verður áfram fjölgað á árinu, þær færðar og aðstaða bætt. Nýjar grenndarstöðvar verða við Vefarastræti, Sunnukrika, Skálahlíð, Hlaðgerðarkotsveg og Dælustöðvarveg.
- Á grenndarstöðvum verða fleiri sorpflokkar ásamt því að gámar verða útbúnir snjallskynjurum til að tryggja tímanlega losun.
- Ný endurvinnslustöð í Lambhaga verður undirbúin á árinu.



SKIPTING KOSTNAÐAR Í SORPHIRÐU Í M.KR.



ÁHUGAVERT

152,4

kg. er meðaltal úrgangs á hvern íbúa

50%

ábendinga sem koma í gegnum ábendingavef Mosfellsbæjar eru vegna rusl og sorphirðu

5.400

árlegar heimsóknir á mos.is til að fá upplýsingar um sorphirðumál

144 m.kr

vegna sorphirðu við heimili í Mosfellsbæ

Garðyrkja og rekstur opinna svæða




YFIRLIT

Í garðyrkju og rekstri opinna svæða verður lögð áhersla á:

- Að gera græn svæði sjálfbærari með þróun blómaengja til að minnka sláttusvæði.
- Hönnun blómaskreytinga
- Grisjun skjólbelta við byggð
- Endurnýjun leiksvæða
- Hreinsunaráttak í samstarfi við íbúa, Aftureldingu og Mosverja og samstarf við íbúa um fegrun opinna svæða.
- Almenna viðhaldsþjónustu gatna og opinna svæða.
- Snjómokstur og hreinsun á opnum svæðum.

SKIPTING KOSTNAÐAR Í GARÐYRKJU OG REKSTRI OPINNA SVÆÐA Í M.KR.



Byggingar- og skipulagsmál




BYGGINGARMÁL

- Uppbygging er framundan við Huldugötu, Kolbrúnargötu, Lóugötu, Úugötu og við Langatanga.
- Framkvæmdir við gatnagerð og atvinnuhúsnæði við Korputún er hafin.
- Meiri áhersla lögð á umhverfiseftirlit vegna óleyfisframkvæmda og umgengismála.

SKIPULAGSMÁL

- Áskoranir framundan felast í að takast á við sögulega uppbyggingu á Blikastöðum í nýju 9.000 íbúa hverfi.
- Deiliskipulag nýrrar byggðar í 1. áfanga Blikastaðalands auk 6. og 7. áfanga Helgafellshverfis.
- Nýtt athafnasvæði sunnan Fossavegar á Tungumelum.
- Skipulag miðbæjar, Hlíðavallar, Ævintýragarðs auk fjölda frístunda- og einkalanda.

SKIPTING ÚTGJALDA Í SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁLUM Í M.KR.



ÁHUGAVERT

105 ha.

uppbyggingarland á atvinnu- og íbúðasvæði Blikastaða


8.900 m²

atvinnu-, verslunar-, og þjónusturými að Korputúni við Blikastaðaland

YFIRLIT

- Mosfellsbær rekur fjórar aðskildar veitur sem sameiginlega nefnast MosVeitur. Það eru hitaveita, vatnsveita, fráveita (B-hluti) og ljósveita auk þess sem frárennsli og ofanvatnslausnir eru á borði MosVeitna (A-hluti).
- Vatnsveitan verður eflað til muna með; auknu gæðaeftirliti, meiri nýtingu eigin vatnsbóla og aukinni miðlun.
- Veitukerfin verða stækkuð í takt við uppbyggingaráform bæjarins.
- Innleiðing snjallmæla ásamt LED væðingu heldur áfram árið 2025.
- Áfram er unnið að aðskilnaði ofanvatns- og fráveitu og hreinsun á viðkvæmum viðtökum, eins og Varmá.


SKIPTING ÚTGJALDA Í HITAVEITU Í M.KR.



SKIPTING ÚTGJALDA Í VATNSVEITU Í M.KR.



SKIPTING ÚTGJALDA Í FRÁVEITU Í M.KR.





Miðlæg þjónusta






YFIRLIT

- Skrifstofa umbóta og þróunar annast samhæfingu verkefna þvert á svið, innleiðingu umbóta- og þróunarverkefna, upplýsingatækni, stafræna þróun, vefstjórn, upplýsingamiðlun, ásýnd, upplýsinga- og skjalamál og atvinnumál.
- Fjármála og áhættustýringarsvið ber ábyrgð á öllum fjármálatengdum verkefnum auk þess að leiða og styðja við innkaup stofnanna, áhættugreiningar og eftirliti með rekstri.
- Mannauðs- og starfsumhverfissvið ber ábyrgð á mannauðstengdum verkefnum, launamálum og starfsumhverfi auk rekstrar og þjónustuverkefna, þ.m.t. þjónustuveri.
- Skrifstofa bæjarlögmanns veitir lögfræðilega ráðgjöf í starfsemi Mosfellsbæjar auk þess að gegna lykilhlutverki við gerð uppbyggingarsamninga og úthlutun lóða. Þá ber bæjarlögmaður ábyrgð á undirbúningi funda bæjarráðs og bæjarstjórnar í samvinnu við bæjarstjóra auk ábyrgðar á samhæfingu samþykka og reglna. Hlutverk innri endurskoðunar er útvistað en bæjarlögmaður er tengiliður fyrir hönd bæjarráðs. Persónuvernd heyrir undir skrifstofu bæjarlögmanns.

SKIPTING KOSTNAÐAR STOÐSVIÐ- OG SKRIFSTOFUR Í M.KR.



ÁHUGAVERT

20.819

virk mál eru í OneCRM málakerfinu

111.000

árlegar heimsóknir á mos.is

30

stafræn verkefni hafa verið innleidd sl. 2 ár

49

íbúðum á 38 lóðum (einbýli, rað- og parhús) var úthlutað jan-okt 2024

Umbætur í upplýsingatækni



YFIRLIT


Deloitte vann á árinu 2024 umfangsmikla úttekt á upplýsingatækniþjónustu og upplýsingatækni umhverfi Mosfellsbæjar. Þar sem áhersla var á að rýna þarfir stjórnenda og stofnana, greina kostnað, greina þjónustustig, stöðu öryggis- og persónuverndar, greina innkaup og kortleggja gagna- og kerfisstrúktúr.

Afrakstur úttektarinnar eru yfirgripsmikil greining á stöðunni auk 68 umbótatillagna.

Helstu áherslur í UT málum á árinu 2025 á grunni úttektarinnar:

- Ráðning UT leiðtoga
- Ákvarða framtíðar högun UT mála hjá Mosfellsbæ
- Marka tæknistefnu og framtíðarsýn
- Forgangsröðuð aðgerðaáætlun

HÆFNIVIÐMIÐ SEM SKOÐUÐ VORU Í UPPLÝSINGATÆKNI ÚTTEKT DELOITTE



ÁHUGAVERT ÚR UPPLÝSINGATÆKNI ÚTTEKT DELOITTE

281 m.kr.

UT kostnaður hjá Mosfellsbæ á árinu 2023

944

Microsoft 365 og Office 365 leyfi hjá Mosfellsbæ

1.034

spjaldtölvur eru í notkun í leik- og grunnskólum

4

aðskilin UT rekstrarumhverfi eru hjá Mosfellsbæ

Stafræn umbreyting



YFIRLIT


Á árinu 2024 var áhersla lögð á uppfærslur á vef bæjarins mos.is til að gera þjónustuna og upplýsingarnar notendavænni og aðgengilegri ásamt því að geta fylgst betur með umferð og hegðun notenda á vefnum sem skilar sér í notendavænni vef.

- Mínar síður voru uppfærðar með það að markmiði að auka þægindi, aðgengi og gagnsæi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.
- Fimm tungumál eru í boði á Mínum síðum.
- Leik- og grunnskólavefir hafa verið færðir undir mos.is.
- Reiknivélar fyrir leikskóla og frístund voru settar á vefinn ásamt stafrænu sorphirðudagatali.
- Tímabókanir til sérfræðinga er einnig nýjung á vefnum.


Á árinu 2025 munum við halda þessari vegferð áfram þar sem m.a.

- Ný og skilvirkari leitarvél mun líta dagsins ljós.
- Spjallmenni verður uppfært með AI virkni.
- Ljósmyndavefur verður gerður aðgengilegur með AI virkni.
- Gjaldskrár verða einfaldaðar.

SKIPTING ÚTGJALDA Í STAFRÆNNI UMBREYTINGU Í M.KR.



KOMIÐ ER INN Á VEFSÍÐU MOSFELLSBÆJAR





Mosfellsbær

Útgefandi:
Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Ljósmyndir:
Gunnar Freyr Steinsson ljósmyndari
Gunnar Freyr Jónsson ljósmyndari hjá Thule Photo
Helga Dögg Reynisdóttir ljósmyndari
Ingibjörg Alexía Guðjónsdóttir